

## Breytingar á efnistökusvæðum Björgunar í Kollafirði

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 INNGANGUR

Þann 10. mars 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Björgun um fyrirhugaðar breytingar á efnistökusvæðum fyrirtækisins í Kollafirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilkynning um framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum. Björgun ehf. og Lex lögmansstofa 10. mars 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar með tölvupósti dags. 7. apríl 2020
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 23. mars 2020
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 2. apríl 2020
- Orkustofnun með tölvupósti dags. 20. apríl 2020
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 24. apríl 2020
- Vegagerðinni með tölvupósti dags. 17. apríl 2020

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupóstum dags. 14. og 17. apríl, 6., 7., 13. og 28. maí 2020.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

##### Forsaga

Í nóvember árið 2008 lá fyrir álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum 16 náma á hafsbotni í Kollafirði á vegum Björgunar. Fram að því hafði fyrirtækið um árabil stundað efnistöku í Kollafirði og var áætlað að heildarefnistaka fram til ársins 2008 hafi numið á milli 20-25 milljónum rúmmetra. Í matinu árið 2008 var gert ráð fyrir frekari efnistöku um allt að 11,7 milljón rúmmetra á tímabilinu 2009-2019 en heildarflatarmál framangreindra námasvæða var 475 ha. Heildarefnistaka Björgunar í Kollafirði á árunum 2009-2019 hefur þó einungis numið um 1,3 milljónum rúmmetrum eða um 11% af áætlaðri efnistöku.

Í kjölfar þess að álit Skipulagsstofnunar lá fyrir gaf Orkustofnun út leyfi til efnistöku af hafsbotni árið 2009 með gildistíma til 2019. Að ósk Björgunar framlengdi stofnunin gildistímann um eitt ár, þ.e. fram á sumarið 2020. Leyfið tók til 9 náma af 16.

##### Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að Björgun vinni nú að umsóknum um ný langtímaleyfi til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði til að minnsta kosti næstu 20 ára. Fram kemur að



fyrirhuguð efnistaka muni fara fram með dæluskipum, sem dæli efni af hafsbotni, og með gröfupramma þar sem það á við. Dæluskipin hafa búnað til efnistöku á allt að 40 metra dýpi og er burðargeta þeirra annars vegar 280-300 m<sup>3</sup> og hins vegar 1.200-1.400 m<sup>3</sup>. Efnistaka í Kollafirði hefur fram að þessu aðallega farið fram með svonefndri holudælingu. Með því er átt við að dælurörið er látið gera holu í efnið og síðan dælt úr henni. Þegar komið er niður úr efnislaginu, er holan síðan stækkuð í lárétta stefnu í þær áttir sem efnislinsan liggur. Eftir atvikum hefur verið notast við efnistöku með uppgreftri með gröfupramma. Ekki er gerður greinarmunur á umhverfisáhrifum eftir því hvor aðferðin er notuð.

Fram kemur að áframhaldandi efnistaka Björgunar muni einnig fara fram með holudælingu og því verður engin breyting á tæknilegri framkvæmd efnistökkunnar. Fram kemur að Björgun hafi nýlega staðið fyrir nákvæmari rannsóknnum og mælingum á efni á svæðinu en fram fóru í fyrra ferli og bendi niðurstöður til þess að mun meira efni sé að finna á þremur námusvæðum en áður var talið. Því hyggst Björgun eingöngu sækja um leyfi til efnistöku af hafsbotni á þessum námusvæðum, þ.e. við Engey, Saltvík og á Þerneyjarsundi en síðastnefnda svæðið skiptist í Þerneyjarnámu og Leiruvogsnámu. Með hliðsjón af niðurstöðum mælinganna gerir Björgun ráð fyrir að hægt sé að vinna um 3,6 milljónir rúmmetra af efni á ofangreindum efnistökusvæðum. Fram kemur að að teknu tilliti til niðurstaðna nýrra mælinga mun staðsetning ofangreindra þriggja námasvæða færast til að hluta miðað við fyrri afmörkun árið 2008.

Efnistaka úr Saltvíkurnámu. Fram kemur að náman í Saltvík hafi verið nýtt sem steypuefnanáma síðan árið 1970. Náman liggur skammt undan Brimnesi og Saltvík á 5-20 m dýpi og er vinnsludýpi á bilinu 5-25 m. Núverandi flatarmál námunnar er um 30 ha og flatarmál áætlaðs vinnslusvæðis um 21 ha. Í umhverfismati 2008 var talið að hægt væri að vinna um 500.000 m<sup>3</sup> til viðbótar úr námunni. Nýjar mælingar gefa þó til kynna að mögulegt sé að vinna meira magn úr námunni en gert var ráð fyrir árið 2008. Einungis hafa verið unnir 9.600 m<sup>3</sup> úr námunni á leyfistímabilinu 2009-2019/2020 og skýrist það að miklu leyti af því að erfitt hefur reynst að vinna efnið. Gert er ráð fyrir að leyst verði úr þeim annmarka á nýju leyfistímabili.

Í upphaflegri tilkynningu Björgunar, dags. 10. mars 2020, var gert ráð fyrir að vinna 940.000 m<sup>3</sup> úr Saltvíkurnámu og var afmörkun námusvæðisins sú sama og í umhverfismatinu 2008. Við meðferð málsins dró framkvæmdaraðili úr áætluðu efnistökmagni úr Saltvíkurnámu auk þess að breyta afmörkun námunnar. Eftir þá breytingu felast áform Björgunar í efnistöku upp á 715.000 m<sup>3</sup> sem verður innan sömu marka og var kveðið á um í leyfi Orkuskiptunar frá 2009.

Efnistaka úr Engeyjarnámu. Fram kemur að í september 2019 hafi Björgun sent Skipulagsstofnun tilkynningu um aukna efnistöku úr Engeyjarnámu miðað við það magn sem gert var ráð fyrir að taka í umhverfismatinu árið 2008 en það magn nam 200.000 m<sup>3</sup>. Björgun hafði lokið töku á því magni og tilkynnti því um aukningu um 125.000 m<sup>3</sup> til Skipulagsstofnunar og lá ákvörðun stofnunarinnar um aukna efnistöku úr Engeyjarnámu fyrir í nóvember 2019. Í ljósi nýrra athugana á efnismagni í námunni hyggst Björgun sækja um umtalsvert meira magn eða sem samsvarar rúmlega 1.6 milljón m<sup>3</sup> til 2040 sem kemur til viðbótar ofangreindum 325.000 m<sup>3</sup>. Hluti þeirrar vinnslu verður innan núverandi námumarka en hluti utan þeirra. Núverandi flatarmál námu er um 40 ha en flatarmál áætlaðs vinnslusvæðis námunnar er um 42,5 ha og vinnsludýpi er á milli 15 og 27m.

Á meðan málsmeðferð matsskyldufyrirspurnar Björgunar stóð yfir tilkynntu Faxaflóahafnir áform um fyrirhugaða dýpkun Sundahafnar utan Sundabakka og efnislosun á svæði við Engey. Upp vöknudu spurningar um hvort fyrirhugað efnislosunarsvæði Faxaflóahafna gæti skarast við efnistökusvæði Björgunar. Skipulagsstofnun óskaði því eftir svörum frá báðum framkvæmdaraðilum um hvort þeir teldu möguleika á að áform hins aðilans hefðu áhrif á þeirra eigin áform. Svör beggja aðila voru á þá leið að efnistökusvæði og efnislosunarsvæði skarast ekki og að framkvæmdirnar koma ekki til með að hafa áhrif hvor á aðra.



*Efnistaka á Þerneyjarsundi.* Fram kemur að um sé að ræða tvö námusvæði þar sem unnið hefur verið efni í 3-4 áratugi. Vinnsludýpi er á milli 5-20 m og núverandi flatarmál náma um 11 ha en flatarmál áætlaðs vinnslusvæðis er 23 ha. Í matinu árið 2008 var talið að hægt væri að vinna samtals um 500.000 m<sup>3</sup> til viðbótar úr námunum og á leyfistímabilinu 2009-2019/2020 hefur verið unnið efni sem samsvar 265.000 m<sup>3</sup> af þessum 500.000 m<sup>3</sup>. Fram kemur að nú verði sótt um meira magn í ljósi niðurstaðna nýrra mælinga sem nemur um 715.000 m<sup>3</sup> sem kemur til viðbótar því efni sem unnið var úr námunum á ofangreindu leyfistímabili þ.e. 265.000m<sup>3</sup> + 715.000 m<sup>3</sup> og verður efnistakan að hluta innan þeirra námumarka sem afmörkuð voru í matskýrslu árið 2008.

Orkustofnun bendir á ósamræmi á stærð svæða við Engey, Saltvík og Þerneyjarsund miðað við mælingu stofnunarinnar. Stofnunin bendir á að af þeim upplýsingum sem er að finna í tilkynningu Björgunar ehf. virðist sem áformað sé að hefja efnistöku við Engey norður af því svæði sem þegar hefur verið unnið og var til umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum árið 2008. Ekki er að sjá í tilkynningunni eða fylgiskjöllum hvort og þá hvaða áhrif sú útvíkkun hefði á sjávarstrauma og öldufar, og hvort og þá hvaða áhrif það hefði á niðurstöðu matsins frá 2008 um strandrof, m.a. við Engey. Í gögnum eru tilgreind flatarmál afmarkaðra eininga á efnistökusvæðinu út af Saltvík en ekki er að sjá afmörkun þess svæðis sem áformað er að vinna, né heildarflatarmál þess. Þá bendir Orkustofnun á að stækkun efnistökusvæðis og aukin efnistaka geta haft áhrif á strandrof en ekki er vikið að þeim þætti í tilkynningunni, erfitt hafi reynt að vinna efnið í núverandi námu við Saltvík með þeirri tækni sem fyrirtækið nýtir en að gert sé ráð fyrir því að leyst verði úr þeim annmarka á nýju tímabili. Ekki kemur fram í hverju sú lausn felist og hvernig það fellur að fyrrgreindri lýfingunni.

Samkvæmt lýsingu í innsendum gögnum framkvæmdaraðila er áformað að samræma og útvíkka tvær eldri námur, Þerney og Leiruvog í eina. Orkustofnun bendir á að við Þerney eru tvær námur (Þerney 1 og Þerney 2) en ekki er tilgreint hvort sameinað efnistökusvæði nær yfir báðar þær námur eða einungis þá syðri (Þerney 2) sem sýnd er á mynd 4. Hvorki kemur fram hver sé samfelld stærð þeirrar námu né er í gögnunum vikið að því hvort og þá hvaða áhrif þessi breyting hefði á mat á strandrofi og öldufari á svæðinu. Orkustofnun tekur ekki afstöðu til þess hvort umrædd framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Framangreindar ábendingar miða að greiningu og framsetningu gagna sem stofnunin telur að þurfi að liggja fyrir áður en tekin verði afstaða til útgáfu nýtingarleyfis skv. hafsbotnslögum, ef eftir því verður sótt.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirséð sé að Björgun muni sækja um leyfi til Orkustofnunar þegar afstaða Skipulagsstofnunar um matskyldu liggur fyrir. Varðandi athugasemd Orkustofnunar um að gögn vanti um hugsanleg áhrif sem útvíkkun á efnistökusvæði við Engey gæti haft á sjávarstrauma og öldufar virðist sem um sé að ræða sambærilega athugasemd og Vegagerðin setti fram í umsögn sinni frá 17. apríl sl. Af þeim sökum hefur Björgun nú þegar óskað eftir því að Vegagerðin framkvæmi nýjar athuganir á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda m.t.t. ölduhæðar og strandrofs. Niðurstöður athugana Vegagerðarinnar og Björgunar munu því að öllum líkindum varpa frekara ljósi á þessi atriði. Varðandi athugasemd Orkustofnunar um afmörkun efnistökusvæðis út af Saltvík vísar Björgun til þess sem fram kemur í svari fyrirtækisins við fyrirspurn Umhverfisstofnunar, dags. 24. mars sl. Þar segir að Björgun hafi dregið til baka fyrirhugað efnismagn úr Saltvíkurnámu sem nemur 225.000 m<sup>3</sup> og ákveðið að miða útmörk námunnar við núgildandi leyfi. Fyrirhuguð efnistaka úr Saltvíkurnámu yrði því alfarið innan sömu marka og kveðið var á um í leyfi Orkustofnunar frá 2009. Í því sambandi skal hafa í huga að Orkustofnun tók tillit til hugsanlegs strandrofs þegar mörk námanna voru skilgreind í leyfunum árið 2009. Fram kemur að framsetning og heiti náma í Þerneyjarsundi sé sett fram til einföldunar enda um að ræða eitt svæði á heildina litið. Við undirbúning leyfisumsókna verður farið yfir það með Orkustofnun hvort ástæða sé til þess að skipta þessu svæði frekar upp eins og gert var við síðustu leyfisveitingu, en þar var um að ræða annars vegar Leiruvogsnámu og hins vegar Þerney 1 og 2.



## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Botndýralíf - Fuglalíf

Fram kemur að rannsóknir sem gerðar hafi verið í tengslum við mat á umhverfisáhrifum árið 2008 hafi gefið til kynna að botndýralíf væri fábreytt við malarnámur Björgunar í Kollafirði og einstaklingar fáir og dreifðir. Tegundir eru algengar og hafa fundist í öðrum rannsóknum í Kollafirði og víðs vegar um landið. Nýlegar niðurstöður rannsókna sem unnar voru við undirbúning uppbyggingar starfsemi Björgunar í Álfsnesvík voru á sama lund og staðfesta niðurstöður fyrri rannsókna.

Í umsögnum Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur eru gerðar athugasemdir við að engar nýjar upplýsingar eða rannsóknir virðast liggja fyrir um áhrif malarnámsins á lífríki og strönd og því ekki vitað hvort forsendur í matsskýrslunni árið 2008 standist. Engin ný gögn hafa verið tekin saman um botndýralíf en í matsskýrslu frá 2008 voru þau talin óveruleg. Í Kollafirði eru varpsvæði sjófugla sem sækja fæðu á svæðinu auk þess sem mikilvægt er að vita hvort námuvinnslan hefur áhrif á ölduhæð, strandrof eða flóðahættu. Heilbrigðiseftirlitið telur að við jafnmiklar framkvæmdir sé þörf á rannsóknum og vöktun á lífríki.

Í svörum Björgunar kemur fram að fyrri rannsóknir hafi bent til að botndýralífið sé fábreytt og varðveislugildi þess lítið. Í matsferlinu 2008 var ekki talinn munur á milli efnistökusvæða í Kollafirði og ekki er ástæða til að ætla að það hafi breyst. Umhverfisstofnun bendir í umsögn sinni við Engeyjarnámu frá því í október 2019 að þar sé botndýralíf fábreytt og tegundafjölbreytileiki lítill.

### Verndarsvæði

Fram kemur að efnisnámu Björgunar muni ekki hafa áhrif á eyjar í Kollafirði sem séu á náttúruminjasrá. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint þrjú svæði í og við Kollafjörð sem mikilvæg fuglasvæði, þ.e. Akurey, Kjalarnes og Blikastaðakró - Leiruvog. Núverandi námu Björgunar sem og þau námusvæði sem hér eru tilkynnt um breytingar á útmörkum á eru utan þessara svæða, nema hvað austasta tota Saltvíkurnámu nær inn á eitt ofangreindra svæða. Björgun hefur stundað efnistöku á þessum svæðum svo áratugum skiptir og til þessa hefur ekki orðið vart við neikvæð áhrif á fuglalíf nema hvað verið getur að fuglar fælist á meðan á dælingu stendur og haldi sig fjarri því svæði á meðan. Að öðru leyti er ekki talið að efnistaka Björgunar muni hafa neikvæð áhrif á fuglalíf á efnistökusvæðum við Saltvík og á Þerneyjarsundi.

Báðir umsagnaraðilar Reykjavíkur benda á að Engey sé á náttúruminjasrá og er hverfisvernduð í aðalskipulagi Reykjavíkur.

### Strandrof

Fram kemur að í umhverfismati árið 2008 hafi verið metin möguleg áhrif á strandrof vegna efnistöku Björgunar. Í skýrslu Siglingastofnunar um öldufarsrannsóknir í Kollafirði, sem var fylgiskjal með matsskýrslu, voru settar fram tillögur að hæstu æskilegu viðmiðunarmörkum fyrir breytingum á ölduálagi og fyrir mismunandi strandgerðir. Námu í Þerneyjarsundi voru taldar innan viðmiðunarmarka hvað varðar hækkun á ölduhæð og mögulegt strandrof en Saltvíkurnáma yfir viðmiðunarmörkum. Við umsókn um endurnýjað starfsleyfi verður metið nánar hvar námumörk Saltvíkurnámu munu liggja og þar af leiðandi hvort breyting verði á mögulegu efnismagni í námunni.

Í umsögn Vegagerðarinnar var bent á að framkvæmdaraðili hafi ekki gert grein fyrir áhrifum breyttra og stækkaðra efnistökusvæða með tilliti til mögulegra áhrifa á landbrot og að það þyrfti að gera. Mögulega gæti þurft að gera breytingar á fyrirhuguðum efnistökusvæðum með hliðsjón af áhrifum á landbrot. Þá þurfi að gera grein fyrir núverandi ástandi þeirra strandsvæða sem efnistökusvæðin hafa áhrif á, t.d. með drónamælingu. Vöktun fælist í því að gera slíkar mælingar á nokkurra ára fresti og bera saman við fyrri mælingu. Vegagerðin telur hins vegar að í heild sé



breyting á efnistökusvæðum frá fyrra umhverfismati ekki það mikil að það krefjist nýs umhverfismats.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin hafi óskað eftir frekari upplýsingum um mögulegt strandrof sem hafi komið fram í ofangreindri umsögn Vegagerðarinnar. Að öðru leyti telur Umhverfisstofnun að aðrir þættir í náttúruvari hafi ekki tekið breytingum frá matinu árið 2008.

Í kjölfar umsagna fól Björgun Siglingasviði Vegagerðarinnar að leggja mat á líkur þess að fyrirhuguð efnistaka komi til með að valda auknu landbroti umfram það landbrot sem eigi sér stað við núverandi aðstæður. Skipulagsstofnun bærust niðurstöður Vegagerðarinnar þann 28. maí 2020. Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að breytingar á ölduhæð séu líklegar til að vera innan viðmiðunarmarka í öllum tilfellum og þar af leiðandi sé líklegt að áhrif efnistöku á landbrot verði óveruleg.

### Gruggmyndun

Fram kemur að í umhverfismati 2008 hafi verið metin áhrif gruggmyndunar sem verði við dælingu efnis af hafsbotni. Megin niðurstöður voru eftirfarandi: „*Samkvæmt erlendum rannsóknum sekkur meginhluti gruggs niður beint undir dæluskipinu. Sá hluti sem ekki sekkur niður berst með grugglausn 50-300 m frá dælustaðnum, en sú vegalengd fer eftir styrk hafstrauma. Erlendar rannsóknir benda til þess að grugg hafi áhrif á lífríki utan náma, en nokkuð ört dragi úr áhrifum með fjarlægð frá námu. Vægi áhrifa stjórnast af verndargildi þeirra lífvera sem verða fyrir áhrifum vegna gruggs. Rannsókn á botndýrum við námur í Kollafirði benda til þess að verndargildi lífríkis sé lítið. Af þeim sökum er talið að vægi áhrifa gruggmyndunar á lífríki sé óverulegt.*“ Ekki er ástæða til að ætla að aðstæður við námur Björgunar hafi breyst í þessu tilliti og að áhrif vegna gruggmyndunar vegna fyrirhugaðrar efnistöku verði óveruleg.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er háð leyfi Orkuskiptunar samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða breytingar á efnistökmagni úr 3 námum í Kollafirði frá því sem gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum árið 2008 og breyting á afmörkun þriggja náma sem þá voru til umfjöllunar í umhverfismati. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli og staðsetning framkvæmda

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmýndun og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Jafnframt ber að taka mið af staðsetningu framkvæmdar með hliðsjón af því hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, meðal annars með tilliti til álagspóls náttúrunnar, sbr. 2. tl. 2. viðauka sömu laga. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, meðal annars með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa og til þess hverjar líkur eru á áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laganna.

Fyrir liggur að unnið hefur verið efni á og við umrædd svæði við Engey, Saltvík og á Þerneyjarsundi í áratugi og að þessi svæði voru til umfjöllunar að hluta eða öllu leyti í mati á umhverfisáhrifum sem Björgun stóð að árið 2008. Í því mati var gert ráð fyrir efnistöku á 16 svæðum í Kollafirði sem nam um 11 milljón rúmmetrum. Nýjar rannsóknir hafi leitt í ljós að unnt er að taka mun meira efnismagn



úr ofangreindum 3 efnistökusvæðum en gert var ráð fyrir í fyrra mati m.a. með breytingum á afmörkun tveggja þeirra, þ.e. við Engey og á Þerneyjarsundi en aukin efnistaka við Saltvík mun fara fram innan fyrri afmörkunar námunnar árið 2008. Ljóst er að um er að ræða talsvert mikla aukningu efnistökmagns af viðkomandi svæðum og einnig liggur fyrir að röskun verður á svæðum sem hefur ekki verið raskað áður, einkum og sér í lagi við Engey. Niðurstöður sýnatöku árið 2008, þar sem tekin voru sýni vegna botndýralífsrannsókna bæði innan og utan skilgreindra námusvæða, auk rannsókna vegna fyrirhugaðs athafnasvæðis Björgunar við Álfsnesvík og í Þerneyjarsundi, benda til þess að botndýralíf á svæðinu sé fábreytt og varðveislugildi þess lítið.

Engey er á náttúruminjaskrá og hverfisverndað svæði samkvæmt aðalskipulagi. Áhrif breyttrar efnistöku á Engey felast fyrst og fremst í hugsanlegu landbroti í kjölfar aukinnar efnisvinnslu.

### **Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með hliðsjón af niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum efnistöku Björgunar í Kollafirði árið 2008 og eðli þeirra breytinga sem nú eru fyrirhugaðar, telur Skipulagsstofnun að möguleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar felist fyrst og fremst í hugsanlegum áhrifum á landbrot. Fyrir liggur mat Vegagerðarinnar á hættu á landbroti vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Niðurstaða matsins er sú að breytingar á ölduhæð, vegna aukinnar efnistöku, séu líklegar til að vera innan viðmiðunarmarka í öllum tilfellum og þar af leiðandi sé líklegt að áhrif efnistöku á landbrot verði óveruleg.

Með hliðsjón af mati Vegagerðarinnar telur Skipulagsstofnun ólíklegt að aukin efnistaka við Saltvík, Engey og í Þerneyjarsundi komi til með að hafa í för með sér aukið landbrot. Engu að síður telur stofnunin eðlilegt að í nýtingarleyfi sé gerð krafa um vöktun á mögulegu landbroti og ásamt því að fjallað sé um hugsanlegar mótvægisáðgerðir reynist landbrot meira en gert er ráð fyrir.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. júlí 2020.

Reykjavík, 9. júní 2020

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson